



**Stjórnarfundur haldinn 12. maí. 2005 kl:20:00**

**Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Guðjón og Bjarney.**

**1. Fundargerð síðasta fundar.**

Engar athugasemdir.

**2. Innkomin bréf.**

Bréf frá arkitektúr .is v/ kynningar á fyrirtækinu.

Bréf frá ríkisskattsjóra v/ launamiða. Allir launamiðar sendir í ábyrgðarpósti til Ríkisskattstjóra.

Bréf frá ÍSÍ v/ Felix félagakerfis. Skil á starfskýrslum. Boðið upp á aðstoð.

Bréf frá framkvæmdastjóra knattspyrnudeildar Keflavíkur v/ kaup á K fána sem yrði á stöng á stúku. Framkvæmdastjóra félagsins falið að kanna með kostnað og ganga í málið ef kostnaður er ekki þeim mun meiri.

**3. Send bréf.**

Bréf sent til UMFÍ v/ umsókn um styrk fyrir barna og unglingaráð knattspyrnudeildar Keflavíkur vegna ferða tveggja þjálfara erlendis.

Bréf sent til UMFÍ v/ ferðar UMFÍ til Ítalíu og Sardínu.

Bréf sett í hólf deilda v/ þátttöku þeirra á sölu og gæslu á 17. júní.

**4. Samráðsfundur UMFÍ í Vík í Mýrdal.**

Kári Gunnlaugsson sótti fundinn einnig var Einar Haraldsson á fundinum sem stjórnarmaður UMFÍ. Kári skýrði í stuttu máli frá fundinum en unglíngalandsmót UMFÍ verður haldið í Vík 29. – 31. júlí 2005 og er mótssvæðið að verða tilbúið og verður glæsilegt.

**5. Íþrótt- og leikjaskóli Keflavíkur 2005.**

Tilbúið að dreifa innritunarblöðum í skólana til barnanna. Undirbúningur á réttum stað.

**6. 17. júní 2005.**

Nefndin er búinn að halda einn fund. Dagskráin næstum því komin. Næsti fundur í nefndinni verður í næstu viku.

**7. Önnur mál.**

Einar ræddi um rekstur á félagsheimili félagsins. Aðalstjórn leggur ríka áherslu á að Reykjanesbær komi að rekstri félagsheimilis félagsins að Hringbraut 108 líkt og gert er fyrir önnur félög í bæjarfélaginu.

Þórður Magni gjaldkeri kynnti árshlutauppgjör sem er óendurskoðað bráðabirgðainnanhúss uppgjör.





**frh.**

### **7. Önnur mál.**

Einar sagði frá því að búið væri að setja myndir af stjórnarmönnum á heimasíðuna. Knattspyrnudeild hefur boðið aðalstjórn að nota hluta að auglýsingarstandi sem vallarklukkan er á til afnota til að koma félaginu á framfæri. Framkvæmdastjóra falið að kanna með hönnun og kostnað og leggja fyrir næsta fund.

Væntanlegt uppgjör á Heiðarenda verður um miðjan júlí.

Símaskrá félagsins hefur verið borin út.

Framkvæmdastjóra falið að kanna með stöðu á yfirdrætti sem aðalstjórn veitti knattspyrnudeild og skili á næsta fundi hver staðan er.

Ný umslög hafa verið gerð.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 20:00.

